

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 58 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 18. júlí kl. 10:30

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Birna Vídó Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Aníta Jóhannsdóttir sat fund gegnum síma, hún vék af fundi kl.11:40. Agnes fór tímabundið af fundi kl.11-11:20. Birna vék af fundi kl.11:20.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru tveir dagskrárliðir:

1. **Verkfall undirmanna í Sjómannafélagi Íslands.**

Samningamál vegna verkfalls eru í höndum Ríkissáttasemjara. Hann telur ekki ástæðu til að funda eins og staðan er. Undirbúningur fyrir siglingar Herjólfss III 21. – 23. júlí er í fullum gangi og unnið er að því að framlengja haffærnisúrteini hans. Allir undirmenn hafa réttindi og námskeið á Herjólf III, sama í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Framkvæmdastjóri bar undir stjórn hvort sigla mætti 4 ferðir á dag til að halda samfélaginu gangandi.

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða.

2. **Póstur frá Vegagerðinni vagna áframhaldandi reksturs.**

Algjör óvissa er með framhald rekstrar félagsins. Endurskoða þarf rekstraráætlun og skoða þarf stærstu rekstrarliði.

Niðurstaða: Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að undirbúa nýja rekstraráætlun.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 19. ágúst eða fyrr eftir aðstæðum.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 12:15.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.